



# Sjúkrakostnaðartrygging - Innanlands -

## Vátryggingarskilmálar nr. ST11

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ST11.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Vátryggingarfjárhæð
8. Eigin áhætta
9. Ákvörðun bóta
10. Tvítrygging
11. Fyrning

### 1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini.

### 2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

### 3. Ábyrgðartími

- 3.1 Vátryggingin gildir í sex mánuði frá komu einstaklings til Íslands, sbr. 32. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, enda hafi félaginu borist fullnægjandi heilsufarsupplýsingar um viðkomandi einstakling.
- 3.2 Ef dvalarleyfi vátryggðs á Íslandi er afturkallað á ábyrgðartímanum fellur vátryggingin úr gildi á þeim degi sem afturköllunin tekur gildi. Vátryggingin fellur einnig úr gildi ef vátryggður flyst af landi brott.
- 3.3 Vátryggingin endurnýjast ekki.

### 4. Bótasvið

Vátryggingin bætir eftirfarandi sjúkrakostnað sem fellur til á Íslandi:

- 4.1 Kostnað við sjúkrahúsvist að ráði læknis, sbr. 34. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, þó ekki á heilsuhælum nema vegna afleiðinga sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni eftir að vátryggingin tók gildi og slyss sem varð á vátryggingartímabilinu.
  - 4.2 Kostnað við almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa, sbr. a. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.
  - 4.3 Kostnað við nauðsynlegar rannsóknir og meðferð hjá sérfræðingum eða stofnunum, sbr. b. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.
  - 4.4 Kostnað við lyf sem vátryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldrí auk annars nauðsynlegs lyfjakostnaðar, sbr. c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.
  - 4.5 Kostnað vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis til vátryggðs og flutningskostnaðar vátryggðs í sjúkrahús, sbr. g. og h. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.
  - 4.6 Kostnað vegna hjúkrunar í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða slysa sem eru innan bótasviðs vátryggingarinnar enda komi heimalega í stað sjúkrahúsvistar, sbr. j. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993.
- Vátryggingin bætir ekki kostnað:
- 4.7 Sem er greiddur er samkvæmt lögum um almanna-tryggingar eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.
  - 4.8 Vegna slyss sem orðið hefur áður en vátryggingin tók gildi, nema að félaginu hafi verið kunnugt um það.
  - 4.9 Vegna sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin tók gildi, nema að félaginu hafi verið kunnugt um það.
  - 4.10 Vegna tannlækninga eða lýtalækninga, nema um sé að ræða nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
  - 4.11 Vegna dvalar á fæðingarstofnun.
  - 4.12 Sem verður vegna meðgöngu, fæðingarhjálpur eða sjúkdóma sem rekja má til meðgöngu eða fósturláts.



- 4.13 Vegna sjúkdóms sem rót á að rekja til neyslu áfengis, fíkniefna eða annarra nautnalyfja.
- 4.14 Vegna ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 4.15 Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum, nema annað komi fram í vátryggingarskírteini.
- 4.16 Við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflogi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki, nema annað komi fram í vátryggingarskírteini.
- 4.17 Vegna slyss af völdum hryðjuverka, vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

## 5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarna-úrgangsefnis.

## 6. Greiðsla iðgjalds

- 6.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Vátryggingarfjárhæð

### 8. Eigin áhætta

Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini og takmarkast heildarbætur á vátryggingartímabilinu við þá fjárhæð.

Vátryggður ber eigin áhættu sem kemur fram á vátryggingarskírteini og er vegna samanlagðs kostnaðar þeirra bótabátta sem eru innan bótasviðs vátryggingarinnar. Fjárhæð eigin áhættu er sú fjárhæð sem vátryggður skal bera á vátryggingartímabilinu umfram lögmæta þátttöku sjúklings í sjúkrakostnaði eins og kann að verða ákveðið hverju sinni samkvæmt lögum eða reglugerð.

## 9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur eru greiddar í samræmi við viðeigandi ákvæði laga um almannatryggingar nr. 117/1993. Vátryggingarverndin er ekki í neinum tilvikum viðtækari en löggin kveða á um.
- 9.2 Kostnaðarreikningar umfram viðmiðunargjaldskrár Tryggingastofnunar ríkisins eru ekki greiddir úr vátryggingunni.

## 10. Tvítrygging

- 10.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 10.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 10.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 11. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.